



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Þorsteinn R. Hermannsson

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi kynningu um göngugötur - R19070164

Eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

"Í fundargerð verkefnastjórnar miðborgarmála kemur fram undir lið 2 að Edda Ívarsdóttir hafi haldið kynningu um göngugötur sumarið 2019 ásamt kynningu á tillögu frá umhverfis- og skipulagssviði að útfærslu á áfangaskiptingu á varanlegum göngugötum. Flokkur fólksins óskar eftir að fá senda þá kynningu sem Edda Ívarsdóttir flutti um göngugötur sumarið 2019 og spyr auk þess hvort þessi kynning hafi verið kynnt hagsmunaaðilum öllum og óskað eftir viðbrögðum þeirra?"

Kynning fyrir verkefnisstjórn miðborgarmála var endurtekning á kynningu á fundi skipulags- og samgönguráðs 3. apríl 2019. Kynningarglærur eru aðgengilegar sem hluti af fundargerð skipulags- og samgönguráðs, sjá hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/190403_kynnig_laugavegur-afangar.pdf

Í verkefnisstjórn miðborgarmála eiga m.a. sæti fulltrúar frá Miðborginni okkar, Miðbæjarfélaginu, lögreglu og viðbragðsaðilum. Kynning á þeim vettvangi á því að ná til fjölda hagsmunaaðila í miðborginni. Einnig hefur sama kynning farið fram á fundi með fulltrúum Öryrkjabandalags Íslands.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri